

## GJALDSKRÁ

### fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld byggingarfulltrúa í Borgarbyggð.

#### 1. gr.

##### *Byggingarleyfisgjald.*

Byggingarleyfisgjald greiðist skv. eftirfarandi reglu:

- a) Af öllum nýbyggingum í Borgarbyggð skal greiða byggingarleyfisgjald kr. 169.600 og að auki skal greiða kr. 170 fyrir hvern fermetra byggingarinnar. Gjald innifelur allar úttektir, vottorð og eina mælingu á útsetningu húss.  
Haugkjallarar eru ekki reiknaðir með í fermetrastærð.  
Byggingar skv. c) lið eiga ekki við þessa grein.  
Fyrir byggingarleyfi vegna stækkunar á eldra húsnæði skal greiða sveitarsjóði fast gjald í samræmi við stækkun.  
Viðbyggingar, sólstofur, bílskúr og garðhús 10-25 m<sup>2</sup> kr. 26.500.  
Viðbyggingar, sólstofur, bílskúr og garðhús 26-60 m<sup>2</sup> kr. 42.400.  
Viðbyggingar, sólstofur, bílskúr og garðhús stærri en 60 m<sup>2</sup> sama leyfisgjald og fyrir nýbyggingar skal að auki greiða 170 kr. fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar.
- b) Fyrir breytingar á húsnæði eða notkun þess, fyrir að rífa hús eða önnur mannvirki, gerð bifreiðastæða eða önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, skal greiða sveitarsjóði kr. 11.660.
- c) Fyrir byggingar aðrar en þær sem tengjast hefðbundnum búskap og eru utan þéttbýlis skal auk fastagjaldsins sem er kr. 11.660 greiða kr. 826 fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar. Til þessara bygginga teljast m.a. sumarbústaðir, orlofsíbúðir, veiðihús, fjallaskálar, skíðaskálar o.fl.
- d) Ef byggingarfulltrúi er að óþörfu kvaddur til eftirlits skal greiða kr. 11.660 í sveitarsjóð. Ennfremur skal greiða kr. 58.300 fyrir hverja aukamælingu í útsetningu húss.
- e) Leyfisgjöld verða ekki endurgreidd þótt leyfi falli úr gildi vegna þess að það hefur ekki verið notað innan árs, eða hefur verið fellt úr gildi. Verði leyfið endurnýjað óbreytt skal greiða fyrir það kr. 11.660.
- f) Fyrir afgreiðslu byggingarfulltrúa vegna löggildingar iðnmeistara skal greiða kr. 11.660.
- g) Vinna byggingarfulltrúa (t.d. ef vinna fer fram úr innheimtu leyfisgjaldi) kr. 11.130 klst.
- h) Yfirferð teikninga (undanþegin önnur gjöld í lið 6.1) kr. 11.130 klst.
- i) Gjöld vegna aðkeyprar yfirferðar séruppdráttu, gjald skv. reikningi.

#### 2. gr.

##### *Gjöld vegna stöðuleyfis.*

- a) Tímabundin stöðuleyfi 20 feta gáma kr. 37.100.
- b) Tímabundin stöðuleyfi 40 feta gáma kr. 63.600.
- c) Árlegt eftirlitsgjald vegna stöðuleyfa á skipulögðum gámasvæðum innan lóða kr. 21.200.
- d) Tímabundin stöðuleyfi vegna hjólhýsa, báta o.fl. kr. 26.500.

#### 3. gr.

##### *Leyfisveitingar og úttektir.*

- a) Aðrar úttektir og vottorð (vínveitingaleyfi, leiguhúsnæði, rekstrarleyfi o.fl.) kr. 21.200.
- b) Yfirferð og umfjöllun eignaskiptayfirlýsingar kr. 12.720.
- c) Breyting á lóðarleigusamningi kr. 23.320.
- d) Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs kr. 15.900.
- e) Úttektir vegna byggingarstjórnaskipta kr. 10.600.
- f) Úttektir vegna meistaraskipta kr. 8.480.
- g) Stöðuúttektir, undanþegnar úttektir í lið 6.1 kr. 10.600.

4. gr.

*Þjónustugjöld.*

- a) Plottun, skönnun eða ljósritun teikninga, blaðastærð A3 eða minna kr. 320.
- b) Plottun, skönnun eða ljósritun teikninga, blaðastærð A2 eða stærra kr. 740 pr. stk.

5. gr.

*Einingarverð og gildistaka.*

Einingarverð gjaldtöku skv. þessari grein breytist mánaðarlega í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Grunnvísitala miðast við desember 2015 sem er 128,1 stig.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar þann 10. desember 2015 og sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og er innheimt við útgáfu byggingarleyfis, sbr. 53. gr. sömu laga og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 327/2015.

*Borgarnesi, 11. desember 2015.*

**Kolfinna Jóhannesdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2016